

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 3/2005

Skilvís ehf.

gegn

Samkeppnisstofnun

I.

Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með bréfi, dags. 20. febrúar 2005, hefur Skilvís ehf. kært þá ákvörðun Samkeppnisstofnunar, sem tilkynnt var félaginu með bréfi, dags. 24. janúar 2005, að aðhafast ekki vegna erindis þess til stofnunarinnar, dags. 3. desember 2003, þar sem kvartað var yfir brotum Íslandsbanka hf. á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 24/2003 og þess krafist að stjórnvaldssektum eða dagsektum yrði beitt.

Áfrýjandi krefst þess að Íslandsbanki hf. láti nú þegar af allri ólögmati notkun á heitinu Skilvís í starfsemi sinni og að samkeppnisráð leggi á bankann stjórnvaldssektir samkvæmt ákvæðum XII. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993, svo að bankinn fari að úrskurði ráðsins nr. 24/2003.

Af hálfu Samkeppnisstofnunar er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Helstu málavextir

Mál þetta á rætur að rekja til kvörtunar áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar, dags. 15. maí 2001, þar sem kvartað var yfir notkun Íslandsbanka hf. á firmheitinu Skilvís í rekstri bankans. Var þess krafist að bankanum yrði gert að hætta notkun þess. Fram kom að hlutafélagið Skilvís hafði verið stofnað og skráð í Hlutafélagaskrá 1989. Skráður tilgangur þess væri bókhaldsþjónusta, ársreikningagerð, skattskil, skattaráðgjöf, rekstraráðgjöf, ráðgjöf um fjármál einstaklinga, innheimtu- og greiðsluþjónusta o.fl. Þann 25. apríl 1995 hafi Íslandsbanki hf. skráð hjá Einkaleyfastofunni orð- og myndmerki sem m.a. geymdi orðið Skilvís. Mun Einkaleyfastofan hafa hafnað skráningu á nafninu Skilvís, einu og sér, með vísan til 1. mgr. 15. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki. Taldi áfrýjandi að notkun bankans á orðinu Skilvís ylli honum ónæði og ama vegna aukinnar þjónustu bankans undir þessu heiti. Viðskiptavinir teldu t.d. oft bréf Íslandsbanka hf. vera frá áfrýjanda. Með vísan til þess að nafnið Skilvís hafi verið skráð heiti á hlutafélagi frá árinu 1989 njóti það verndar samkvæmt 10. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrá, firmu og prókúruumboð og 4. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þá hafi nafnið verið notað sem vörumerki og njóti því einnig verndar sem slíkt, sbr. 13. gr. laga um vörumerki. Með skráningu firmaheitis og langri notkun hafi áfrýjandi öðlast markaðsfestu sem leitt hafi til einkaréttar á heitinu.

Erindi áfrýjanda var sent Íslandsbanka hf. til umsagnar. Í svari bankans komu fram mótmælti við því að hann hefði aðhafst nokkuð það sem bryti í bága við ákvæði samkeppnislaga.

Málavöxtum er lýst nánar í úrskurði samkeppnisráðs nr. 24/2003 og vísast til þess er þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs 19. september 2004 var ákvörðun tekin í málinu. Ákvörðunarorð hljóða svo:

„Íslandsbanki hf. hefur með notkun á nafninu Skilvís, einu og sér, brotið gegn ákvæðum 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með vísan til 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga bannar samkeppnisráð Íslandsbanka hf., Kirkjusandi, Reykjavík, alla notkun á nafninu Skilvís, einu og sér.

Tekur bannið gildi fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar.“

Ákvörðun samkeppnisráðs var ekki kærð til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Með bréfi áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar, dags. 3. desember 2003, kvartaði hann yfir brotum Íslandsbanka hf. á umræddri ákvörðun og krafðist þess að stjórnvaldssektum eða dagsektum yrði beitt. Benti hann á dæmi þess að bankinn notaði nafnið Skilvís eitt og sér, sbr. reikningsyfirlit, kröfuskjár og innheimtubeiðni. Þá gerði áfrýjandi athugasemdir við notkun Íslandsbanka hf. á orðmerkinu „Skilvís, innheimtuþjónusta Íslandsbanka“, þ.e. þegar myndræn útfærsla merkisins væri ekki notuð. Í svörum Íslandsbanka hf. til Samkeppnisstofnunar kom fram að langan tíma hafi tekið að ná utan um öll tilvik þar sem nafnið Skilvís eitt og sér hafi verið notað en þau dæmi sem bent hefði verið á hafi verið leiðrétt. Með bréfi stofnunarinnar til áfrýjanda, dags. 24. janúar 2005, kom fram að stofnunin teldi ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu. Í ákvörðunarorðum samkeppnisráðs hafi Íslandsbanka hf. verið bannað að nota nafnið Skilvís eitt og sér. Samkeppnisstofnun fái ekki séð að hægt sé að fella þar undir orðmerkið „Skilvís, innheimtuþjónusta Íslandsbanka“ sem bankinn ætti rétt á. Með slíkri notkun sé ekki verið að nota nafnið Skilvís eitt og sér heldur orðmerkið í heild sinni.

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Eftir að gagnaöflun var lokið var Íslandsbanka hf. sent málið til kynningar og bankanum gefinn kostur á að tjá sig um málið. Engar athugasemdir bárust.

Málið hefur tafist í meðferð áfrýjunarnefndarinnar sökum þess að nefndin þurfti að taka afstöðu til þess hvort kærán hafi borist innan kærufrest og var aðilum gefinn kostur á að tjá sig um það álitæfni.

III.

Helstu sjónarmið málsaðila

Sjónarmið áfrýjanda

Af hálfu áfrýjanda er vísað til þess að misskilnings gæti bæði í hinni kærðu ákvörðun Samkeppnisstofnunar og bréfaskriftum Íslandsbanka hf. að bankinn hafi skráð orðasambandið „Skilvís, innheimtupjónusta Íslandsbanka“ sem orðmerki og samkvæmt úrskurði samkeppnisráðs sé bankanum því heimilt að nota það orðasamband. Telur áfrýjandi að bankanum sé einungis heimilt að nota vörumerkið, þ.e. orð- og myndmerkið í heild sinni, en ekki einstaka hluta þess.

Sjónarmið Samkeppnisstofnunar

Af hálfu Samkeppnisstofnunar er vísað til forsendan hinnar kærðu ákvörðunar og telur stofnunin ekki ástæðu til að tjá sig frekar um málið.

IV.

Niðurstaða

Staðfest er ákvörðun Samkeppnisstofnunar sem fram kemur í bréfi hennar, dags. 24. janúar 2005, með vísan til þeirra forsendna sem þar koma fram, enda er sú niðurstaða í samræmi við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 24/2003, sem ekki var kærð til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun Samkeppnisstofnunar, dags. 24. janúar 2005, er staðfest.

Reykjavík, 12. maí 2005

Páll Sigurðsson

Anna Kristín Traustadóttir

Lárus L. Blöndal